
2. júlí 2024

Góðan Dag

Hallvarður heiti ég og er íbúi og eigandi, ásamt eiginkonu minni, að Birkigrund 31. Ég hafði samband við byggingarfulltrúan í Kópavogi sem benti mér að senda þessa fyrirspurn á ykkur. Við keyptum húsið fyrir 4 árum síðan. Á húsinu er sólstofa á neðri hæð sem bætt var við húsið árið 1991. Við erum að lenda í vandræðum með leka af svölunum niður í þessa sólstofu einnig eru nokkur vandamál sem tengjast gluggum sem liggja á ská upp að svalahandriði. Okkur langar dáldið að ráðast í breytingar á húsinu til að vinna á þessum vandamáli.

Hugmyndin er að steypa upp veggina á sólstofunni og breyta henni í herbergi. Í leiðinni að stækka svalirnar til að þær myndu ná yfir allan flötin, rauð lína á myndi..Í framhaldinu myndi okkur langa að hafa möguleika á svalalokun, blá lína á mynd.

Áður en við förum í þá vegferð, þ.e. teikna þetta upp og leggja formlega fram beiðni, langar mig að spyrja hvort þetta sé eitthvað sem við gætum fengið samþykki fyrir?



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026